
VIRK framtíð



Hlutverk

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa

Framtíðarsýn til 2020

- VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi þar sem dregið hefur verulega úr nýgengi á örorku
 - VIRK byggir á gagnreynndri þekkingu, rannsóknum og reynslu sem tryggir samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar
 - VIRK hefur í samvinnu við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir unnið að því að ryðja úr vegi hindrunum gegn aukinni atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu
 - VIRK er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar
-

Gildi

- Fagmennska
- Virðing
- Metnaður



VIRK framtíðarsýn

2013 – Samhæfing

2013

- Góð, fagleg og tímanleg þjónusta
 - Áhersla VIRK á þverfaglega aðkomu á öllum stigum starfsendurhæfingar hefur skilað sér í breyttu verklagi og bættri þjónustu
 - Þróun vinnulags er í samræmi við bestu mögulegu þekkingu og reynslu
 - VIRK er til fyrirmyndar hvað varðar gæði, öryggi og árangursríka nálgun í málum einstaklinga
 - Formlegt og árangursríkt samstarf er við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, heilbrigðisstofnanir og þjónustuaðila í starfsendurhæfingu
 - Skýr stefna og almenn þekking á VIRK í samfélaginu
-

2015 – Framsækni

2015

- Dregið hefur umtalsvert úr nýgengi örorku
 - Starfsgetumat VIRK er viðurkennt faglegt og heildstætt mat á starfsgetu og endurhæfingarmöguleikum einstaklinga
 - Vottað gæðakerfi og upplýsingaöryggisvottun eru til staðar með reglubundnum innri og ytri úttektum
 - Unnið hefur verið að nauðsynlegum kerfisbreytingum sem auka möguleika einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði
 - Rannsóknarstefna VIRK er skýr og samvinna hafin við háskóla hér og erlendis
 - VIRK er eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR
-

2020 – Árangur

2020

- Nýgengi örorku hefur lækkað verulega
- Vinnulag og fagleg uppbygging VIRK hefur jákvæð áhrif á samhæfingu stofnana velferðarkerfisins
- Samræmt starfsgetumat er grunnur að starfsendurhæfingarstarfi á Íslandi og ákvarðanatöku varðandi vinnugetu einstaklinga
- Breytt viðhorf og samspil atvinnulífs og velferðarkerfis hvetja einstaklinga til að taka þátt á vinnumarkaði þrátt fyrir skerta starfsgetu
- VIRK er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar

Starfsáætlun 2013 – 2014

Árangursrík þjónusta

1. Tryggja einstaklingum fagleg úrræði og viðeigandi tengsl við vinnumarkaðinn
2. Veita tímanlega þjónustu, þ.e. ná að anna eftirspurn eftir þjónustu á hverjum tíma
3. Efla aðkomu þverfaglegs teymis – með rýni og snemmbæru inngripi í þverfaglegu mati
4. Efla samstarf við atvinnurekendur, lífeyrissjóði, heilbrigðisþjónustu, opinberar stofnanir og þjónustuaðila í starfsendurhæfingu með kynningu á starfsemi VIRK og gagnkvæmri upplýsingagjöf
5. Gefa út leiðbeiningar og fræðsluefni til atvinnurekenda, stjórnenda og utanaðkomandi ráðgjafa um fjarvistarstjórnun og farsæla endurkomu starfsfólks til vinnu eftir veikindi og slys
6. Kynna starfsemi VIRK markvisst fyrir almenningi, samstarfsaðilum, hagsmunaaðilum og atvinnulífi

Skilvirkt og samræmt verklag

1. Aðlaga starfsendurhæfingarferli í samræmi við árangursmælingar VIRK og gagnreynda þekkingu innanlands og erlendis
2. Endurskoða hlutverk sérfræðinga samhliða innleiðingu á þverfaglegri rýni
3. Þróa áfram fræðslu og stuðning með markvissu samstarfi sérfræðinga og ráðgjafa
4. Skilgreina gæðakröfur fyrir faglegt starf úrræðaaðila í starfsendurhæfingu
5. Innleiða rekstrar-, gæða- og öryggisferla VIRK
6. Koma á reglulegri rafrænni upplýsingagjöf með áherslu á árangursmælingar

Öflug liðsheild

1. Innleiða stefnu og gildi með markvissri þátttöku allra starfsmanna og ráðgjafa
2. Efla liðsheild og stuðla að starfsánægju
3. Halda árleg starfsþróunarsamtöl með áherslu á góðan árangur
4. Tryggja starfsfólki og ráðgjöfum tækifæri til að viðhalda og efla þekkingu sína með markvissri símenntun og fræðsluáætlun VIRK
5. Bjóða starfsmönnum og ráðgjöfum handleiðslu ytri aðila eftir þörfum
6. Veita reglulegar upplýsingar og endurgjöf



Ábyrgur rekstur

1. Hafa skýra fjármála- og innkaupastefnu og fylgja henni eftir
2. Viðhafa góða og ábyrga stjórn fjármála með reglubundinni upplýsingagjöf til stjórnar
3. Fylgjast með þróun útgjaldaliða og bregðast við eða gefa skýringar á frávikum frá samþykktum áætlunum
4. Meta reglulega árangur úrræðaaðila og kaupa þjónustu sem skilar árangri

Þekking og rannsóknir

1. Leggja drög að rannsóknaráætlun VIRK
2. Leita eftir auknu samstarfi við háskóla um rannsóknir
3. Þróa starfsgetumat í markvissu samstarfi við innlenda og erlenda aðila
4. Miðla gagnreyndri þekkingu um starfsendurhæfingu og stuðla að samþættingu innan velferðarkerfisins

VIRK • Guðrúnartún 1 • 105 Reykjavík • sími 535 5700 • virk@virk.is • www.virk.is



VIRK framtíð

fyrir okkur öll

Við höfum mótað metnaðarfulla stefnu og skýra framtíðarsýn til ársins 2020. Við viljum stuðla að uppbyggingu á faglegri þjónustu og samvinnu sem skilar einstaklingum og samfélaginu öllu ávinningi til framtíðar.

Gildin okkar eru fagmennska, virðing og metnaður. Með fagmennsku tryggjum við áreiðanleika, þekkingu, öryggi og traust. Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum og samferðafólki okkar ásamt því að leggja áherslu á samvinnu og samstarf. Við höfum metnað og kjark til að fara nýjar leiðir.

Næstu mánuðir og ár eru vörðuð nýjum áskorunum sem felast í fjölbreyttum og mikilvægum verkefnum. Verkefnið eru skilgreind sem áfangar á leið okkar að metnaðarfullri framtíðarsýn. Á þann hátt tryggjum við samhæft áralag og farsælt samstarf innan velferðarkerfisins. Samstarf sem snýst um að finna nýjar leiðir til virkrar framtíðar fyrir okkur öll.

Vigdís Jónsdóttir